

# Reglugerð um einkenni íslenskra skáta

1. gr.

## *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um öll einkenni íslenskra skáta, þ.m.t. tákn, merki, orðmerki, merkingar, skátaklúta og skátabúninga.

Eingöngu viðurkenndir aðilar af hálfu BÍS, að viðlagðri ábyrgð, hafa heimild til að nota orðmerkið „SKÁTI“ og/eða orðmyndanir dregnar af orðmerkinu. Það sama á við um við-og/eða forskeyti á hverju sem er, s.s. í nafni á félagi eða samtökum, á vörum, á fatnaði og í auglýsingum. Það sama gildir um öll önnur einkenni skáta.

Óheimilt er að nota einkenni skáta eða einkenni sem eru svo áþekkt þeim er skátar notar, að hætta er á að á verði villst eða á þann hátt að það kunnist að varpa rýrð á skáta eða skátahreyfinguna.

2. gr.

## *Skýringar.*

Bandalag íslenskra skáta er skammstafað BÍS í reglugerð þessari.

Með skátaklút er átt við þríhyrnda hyrnu sem bera skal um háls og taka saman að framanverðu með hnút.

Með skátabúningi er átt við þann fatnað sem stjórn BÍS hefur samþykkt til notkunar í skátastarfi sem einkennisfatnað skáta.

Með merki BÍS í reglugerð þessari er átt við Skátarnir orðmerkið með íslensku skáta liljunni og smáranum tengdum saman með x saumi fyrir ofan (eldra merki BÍS). Orðmerkið Skátarnir var samþykkt sem merki BÍS á stjórnarfundum 2011 og er að finna í bæklingnum Ímynd okkar.

Með alþjóðamerki BÍS er átt við merki þar sem einkennismerki WOSM alþjóðabandalags drengskáta og WAGGS alþjóðabandalags kvenskáta eru innrömmuð með línu sem bundin er saman með réttum hnúti.

3. gr.

## *Heimild til að bera einkenni.*

Öllum íslenskum vígðum skátum er heimilt að bera einkenni skáta, þ.m.t. skátaklút, skátabúning og merki skáta í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

4. gr.

## *Skátaklútar.*

Sérkenni íslenskra skáta er skátaklúturinn. Skátar skulu bera skátaklút í öllu skátastarfi svo lengi sem aðstæður leyfa.

Klút skal bera um hálsins yfir kraga og taka saman með hnút að framanverðu. Leitast skal við að bera skátaklútinn ystan klæða á þann hátt að áberandi sé.

Hnútur skal helst vera látlaus og gerður úr varanlegu efni.

Ekki skal bera fleiri en einn klút í einu, þó er heimilt að bera klúta sem gerðir eru af sérstöku tilefni, s.s. mótsklúta, samhliða öðrum klútum þannig að hann liggi yfir hefðbundna klútunum. Óheimilt er að vefja saman tvo eða fleiri klúta.

Skáti ber klút í samræmi við stöðu sína þ.e.

- Drekaskátar bera gulan klút
- Fálkaskátar bera rauðan klút
- Dróttskátar bera grænan klút
- Rekkaskátar bera bláan klút
- Róverskátar bera dökk gráan klút
- Gilwell skátar bera Gilwell klút með alþjóðlegu Gilwell merki og önnur Gilwell einkenni. Heimilt er að bera Gilwell hnút og perlur með öðrum skátaklútum.
- Aðrir skátar bera fjólubláan klút.

Við hátíðarbúning og á ferðum erlendis bera allir skátar hátíðarklút íslenskra skáta, sem er heiðblár með fánarönd og ofnu merki BÍS í hyrnunni.

5. gr.

*Skátabúningar.*

### **Hátíðarbúningur yngri skáta**

Skátar á dreka- og fálkaskátaaldri klæðast ekki skátaskyrtum. Hátíðarbúningur þess aldurs telst dökkblár pólóbólur, hátíðarklútur íslenskra skáta og dökkar buxur. Pólóbólur má vera síðerma eða stuttermma með merki BÍS „Skátarnir“ vinstra megin á brjósti.

### **Hátíðarbúningur eldri skáta**

Hátíðarbúningur íslenskra skáta frá og með dróttskátaaldri, er síðerma ljósblá skyrta með tveimur brjóstvösum, hátíðarklútur eða Gilwell klútur með tilheyrandi látlausum hnút og dökkar buxur eða pils.

Við hátíðarbúning íslenskra skáta er heimilt að nýta svart belti og svarta eða hvíta hanska, ef þess er þörf. Mælt er til að við hátíðarbúninginn notist skátar við svarta sokka og svarta lága skó.

Á skyrtunni skulu borin skátamerki samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar þessarar.

Heimilt er að klæðast svörtum jakka eða renndri/hnepptri peysu yfir hátíðarbúning eða svörtum skjólfatnaði.

Hátíðarbúningur skal borinn við sérstök tækifæri, s.s. 22. febrúar, við heiðursvörð, í fánaborg, á hátíðarfundum, skátaþingum og öðrum sérstökum hátíðisdögum.

### **Almennur skátaklæðnaður**

Notast skal við almennan skátaklæðnað við dagleg störf í skátastarfi.

Dökkblár pólóbólur, síðerma eða stuttermma, með ísaumuðu merki BÍS, hvítu að lit á vinstra brjósti.

Dökkblá útilífs- og starfsskyrta skáta, síðerma eða stuttermma, með ísaumuðu merki BÍS, hvítu að lit á

vinstra brjósti.

Hettupeysur, stuttermabolir og flíspeysur með ísaumuðu merki BÍS, hvítu að lit á vinstra brjósti.

Með almennum skátaklæðnaði er heimilt að klæðast hverjum þeim fatnaði sem hæfa þykir hverju sinni.

Við skátastörf, þar sem almennur skátabúningur veitir ekki næga vernd gegn veðri eða af öðrum ástæðum þykir ekki hentugur, skulu skátar leitast við að nota annan skátaklæðnað merktan BÍS eða viðkomandi skátafélagi eða skátasveit.

Skátafélagi er heimilt að útbúa fatnað til nota í skátastarfi enda brjóti það ekki í bága við ákvæði reglugerðar þessarar. Slíkur fatnaður kemur þó ekki í stað hátíðarbúnings.

Við hönnun og framboð skátabúninga og annars skátaklæðnaðar skal taka fullt tillit til þess að fatnaður henti báðum kynjum.

Æskilegt er að skátar klæðist fatnaði merktum skátunum og séu ávallt með skátaklút um hálsinn við allt skátastarf.

Æskilegt er að skátar mæti með klút á fundi og í fatnaði merktum skátunum.

6. gr.

*Notkun einkennisfatnaðar utan skátastarfs.*

Um notkun á einkennum skáta þ.m.t. skátaklútum, skátabúningum og öðrum fatnaði sem ber með sér að tengist skátahreyfingunni gilda eftirfarandi reglur:

- Óheimilt er að nota einkenni skáta við aðstæður sem teljast augljóslega vanvirðandi fyrir skátastarf eða skátahreyfinguna.
- Óheimilt er að nota einkenni skáta í pólitískum tilgangi.
- Óheimilt er að bera einkenni skáta undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

7. gr.

*Merki Bandalags íslenskra skáta.*

Merki BÍS er orðmerkið Skátarnir með íslensku skáta liljunni og smáranum tengdum saman með saumi fyrir ofan.

Merkið er blátt (cmyk 100-65-0-0, Pantone PMS 286, RGB 53-95-165) á hvítum/ljósum grunni eða hvítt á dökkum grunni. Þá er heimilt að hafa merkið svart, brúnt (cmyk 7-67-100-0, Pantone PMS 152, RGB 203-108-25) eða grænt (cmyk 75-5-100-0, Pantone PMS 369, RGB 113-177-47) á hvítum grunni.

Undir merkið er heimilt að rita eftirfarandi með leturgerðunum Frutiger eða Calibri:

- Bandalag íslenskra skáta
- Skátahreyfingin
- Ísland
- **Skátar**
- Skátarnir

- Nafn skátafélags
- The Icelandic Boy and Girl Scout Association
- Icelandic Scouts
- Iceland

Stjórn BÍS skal gefa út ítarlegri leiðbeiningar um notkun merkisins sem skulu birtar á vef BÍS.

Notkun á merkinu skal háð skriflegri heimild stjórnar BÍS. Þó er skátafélögum heimilt að nota merkið í starfi sínu án sérstakrar heimildar. Nær sú heimild til merkinga á prentuðu efni, rafrænu efni og fatnaði.

Við notkun merkisins skal þess ætíð gætt að hún sé smekkleg.

Óheimilt er að nota merkið í samsettu merki nema með skriflegri heimild stjórnar BÍS.

Leiki vafi um heimild til notkunar merkisins skal leita skriflegs álits stjórnar BÍS.

Sömu reglur gilda um alþjóðamerki BÍS.

Sömu reglur gilda um alþjóðamerki WOSM og WAGGGS.

8. gr.

#### *Skátamerki*

Allir skátar skulu bera merki á skátabúningnum í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

Á hátíðarskyrtum skulu ávallt borin eldra merki BÍS (íslenska skáta liljan og smárinn tengd saman með x saumi) vinstra megin á brjósti og alþjóðamerki BÍS hægra megin á brjósti og skal neðri brún þeirra vera 1-2 cm fyrir ofan brjóstvasa.

Á útilífs- og starfsskyrtum skal ávallt borið merki BÍS í hvítum saum vinstra megin á brjósti og skal neðri brún þeirra vera 1-2 cm fyrir ofan brjóstvasa.

Á pólóboli skal merki BÍS ísaumað hvítt að lit á vinstra brjósti og eftir atvikum alþjóðamerki BÍS á hægra brjósti og skal neðri brún merkis vera í línu við neðstu tölu.

Á skátabúningi er jafnframt heimilt að bera eftirfarandi merki:

- Merki sveitarfélags, skátafélags, skátadeildar, skátasveitar eða skátaflokks skal bera á hægri upphandlegg neðan við axlarsaum, þannig að efst komi merki sveitarfélags, þá félags, deildar, sveitar og að lokum flokks.
- Gilwell merki eða mótsmerki, skal bera á vinstri upphandlegg neðan við axlarsaum, þannig að efst komi merki Gilwell sveitar og að lokum mótsmerki það elsta efst.
  - Að jafnaði skal vera sentímetra bil á milli merkja til allra átta. Merki skulu ekki borin fyrir neðan olnboga á langerma skátabúningi.
- Forsetamerki skal borið ofan við vinstri brjóstvasa skátaskyrtunnar, rétt fyrir ofan saum.
- Foringjamerki skal bera framan á broti hægri brjóstvasa á skátaskyrtunni og á sambærilegum stað á pólóból. Foringjaeinkenni má bera á skyrtu en aðeins á meðan embætti er gegnt.
- Dreka-, fálka-, drótt-, rekka -og róverskátar skulu bera viðeigandi starfsmerki á hyrnu klúts síns. Önnur merki er ekki heimilt að bera á skátaklút.
- Heiðursmerki og hetjudáðamerki skulu að jafnaði einungis borin við hátíðarbúning, þó heimilt að

bera merkin við önnur sérstök tækifæri s.s. þegar skátar koma fram opinberlega, á skátanámskeiðum og skátamótum.

Merkin skal bera ofan við vinstri brjóstvasa skátaskyrtunnar, rétt fyrir ofan saum, nema Silfurúlfinn, sem skal bera í borða um hálsinn, þannig að innst næst hneppingu kemur heiðursmerki BÍS, þá hetjudáðamerki BÍS, næst heiðursmerki skátasambands og loks félags eða annarra samtaka.

Frekari merki, tákn eða önnur einkenni skal ekki bera á búningnum, s.s. á baki eða ermáliningum.

Gæta skal hófs í notkun viðurkenningamerkja og leitast við að hafa skátabúning snyrtilegan og látlausan.

Félagsforingjar skulu sjá til þess að skátar beri ávallt rétt merki á viðeigandi stað á skátabúningnum og að skátar gæti hófs í notkun merkja á búningnum.

Dagskrárráð BÍS gerir tillögur til stjórnar BÍS að merkjum sem veitt eru skátum sem lokið hafa skilgreindum þáttum skátaþjálfunar og öðrum sérstökum viðburðum sem BÍS hefur forgöngu að.

Fræðsluráð og Alþjóðaráð BÍS gera tillögur til stjórnar BÍS að merkjum sem tengjast viðburðum og unnum áföngum á starfssviði ráðanna.

Skátafélög sem óska eftir að skátar beri merki sem tengjast starfsemi þeirra, skulu leita samþykkis stjórnar BÍS.

Á yfirhöfnum eru skátar hvattir til að bera merki BÍS. Allir skátar eru hvattir til að bera þrónmerki BÍS er þeir ganga til daglegra starfa.

Bandalag íslenskra skáta sér um framleiðslu, sölu og dreifingu allra merkja sem getið er í reglugerð þessari, að undanskildum þeim sem skátafélög er heimilt að útbúa samkvæmt reglugerð þessari.

Félagsforingjar skulu sjá til þess að merki séu eingöngu á boðstólum hjá ákveðnum aðilum er ber ábyrgð á dreifingu þeirra.

Skátum er óheimilt að kaupa, selja, gefa eða láta af hendi í skiptum hetjudáða- og heiðursmerki, Forsetamerki og starfsmerki.

9. gr.

*Nánari reglur.*

Stjórn BÍS getur sett nánari fyrirmæli um notkun einkenna skáta og skátabúninga, sem skulu birt á vef BÍS.

10. gr.

*Ágreiningsmál.*

Stjórn BÍS sker úr ágreiningi sem rísa kann vegna túlkunar á reglugerð þessari.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. grein laga Bandalags íslenskra skáta, öðlast þegar gildi.